



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE1ML05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga kl. 14.00 – 14:40	
Námsefni	Mandla eftir Hildi Knútsdóttur (Bókabúð). Plastmappa fyrir námsgögn og verkefni frá kennara. Ljósritað/skannað efni frá kennara.	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist m.a. upp á lestri ólíkra texta og ritunar úr daglega lífinu. Áhersla er lögð á að nemendur efli málfærni sína og lesskilning með því að lesa og skrifa mismunandi texta. Nemendur lesa í það minnsta eina skáldsögu auk þess sem farið verður í smásögur. Í áfanganum er ætlast til að nemendur lesi texta sér til gagns og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Samfara lestri verður farið í helstu bókmenntahugtök tungumálsins. Þá verða rifjaðar upp helstu reglur í málfræði og stafsetningu. Að lokum verða nemendur þjálfaðir í ferlisritun þar sem ýmsir textar verða skoðaðir í ljósi íslenskunnar.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Til að ná áfanganum þarf meðaleinkunn upp á 4,5 úr prófum/verkefnum á önninni. Samanlögð vinnueinkunn þarf að vera a.m.k. 4,5. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í prófi/verkefni getur hann nýtt stoðtíma en þá er hámarkseinkunn 5. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Mandla, verkefni og próf	50%
	Málfræði og málnotkun	10%
	Stafsetning	5%
	Hlaðvarpsverkefni	5%
	Ritunarverkefni	20%
	Rökfærsluverkefni, kynning og umræður	10%
Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði/leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar. Nemendur fara eftir gervigreindarreglum íslenskudeildar þegar verkefni eru unnin og þeim skilað.	

Grunnpættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfar nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt
-------------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi lestrar • mismunandi aðferðum við lestur • bókmenntahugtökum og einfaldri greiningu bókmenntatexta • helstu hjálpargögnum við ritun	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans • beita bókmenntahugtökum • nota tungumálið í rituðu og töluðu máli • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrifa læsilegan texta • notfæra sér hjálpargögn við lestur og ritun • túlka bókmenntatexta og miðla þekkingu sinni á honum til annarra	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Verkefnavinna	3 x 6 klst.	20 klst.
Alls		105 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga og námsefni hans. Ritun og stafsetning,	Stafsetningarverkefni Ritunarverkefni 1
2. vika 24.-28. ágúst	Bókmenntahugtök Málfræði	Bókmenntahugtök
3. vika 31. ágúst-4. september	Mandla, bls. 2-16 Málfræði	Verkefni
4. vika 7.-11. september	Mandla: bls. 17-29 Málfræði	Verkefni
5. vika 14.-18. september	Mandla, bls. 30-54 Málfræði	Leskönnun 1 úr bókinni Mandla
6. vika 21.-25. september	Mandla, bls. 55-75 Málfræði Stoðdagur	Málfræðikönnun 1 Ritunarverkefni 2
7. vika 28. september-2. október	Mandla, bls. 76-88 Stafsetning	Verkefni Stafsetningarkönnun
8. vika 5.-9. október	Mandla, bls. 89-104 Ritun og stafsetning	Leskönnun 2 úr bókinni Mandla
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Mandla-Skapandi verkefni Stoðtími	Verkefnavinna
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Hlaðvarpsverkefni Málfræði	Skil á lokaverkefni úr bókinni Mandla
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Hlaðvarpsverkefni Ritun	Skil á hlaðvarpsverkefni Ritunaverkefni 3
12. vika 2.-6. nóvember	Lesskilningur og málsnið– ýmsir textar Málfræði	Verkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Lesskilningur og málsnið– ýmsir textar Málfræði	Verkefni Málfræðikönnun 2
14. vika 16.-20. nóvember	Rökfærsluverkefni	Verkefnavinna
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Rökfærsluverkefni	Kynningar
16. vika 30. nóvember-4. desember	Ritun Uppsóp Stoðdagur	Ritunarverkefni 4

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra